

Reykjavík  
Fashion  
Festival

Issue



Nº2

R  
FF

Nº2  
2011

MARCH  
31-3  
APRIL




Reykjavík Fashion Festival 2011 er nú haldið í annað sinn.

[www.rff.is](http://www.rff.is)



# Reykjavík Fashion Festival



## FORSÍDA

### Ljósmyndari

Kjartan Már Magnússon

### Stílisti

Ellen Loftis

### Makeup

Ísak Freyr Helgason

### Hár

RFF team háртеimi í boði Label M

### Fatnaður

Hanna Felting

**LJÓSMYNDIR**  
Jói Kjartans

Hátíðin í fyrra gekk vonum fram og skilaði afar jákvæðri umfjöllun um íslenska fatahönnun og Ísland í fjölmiðla víða um heim. Í ár taka 22 hönnuðir þátt í Reykjavík Fashion Festival og verður hátíðin stærri að umfangi nú með fjölda erlenda blaðamenn til þess að útbreiða fagnaðarerindið.

Reykjavík Fashion Festival er vettvangur íslenskra fatahönnuða til þess að gera hönnun sína sýnilegri fyrir almenningi, fjölmiðlum og fjárfestum.

Mikil gróska er í greininni og með því að leiða saman hæfileikafólk í viðburð sem þennan fæst yfirsýn yfir það sem er að gerast um þessar mundir.

Það er trú okkar að í fatahönnun leynist mikill vaxtarbroddur í útflutningi verðmæta frá Íslandi. Hlúa þarf að greininni og því fjölmarga hæfileikafólki sem framleiðir fót á Íslandi. Nú þegar efnahagur landsins er á brauðfótum er þörf á vitundarvakningu hins opinbera og fjárfesta á þeirri þróun sem orðið hefur í skapandi iðnaði.

“Nýsköpun” er orð sem nýlega kom inn í orðræðu hins opinbera og vonumst við til að vilji sé til verka í framhaldinu.

Til dæmis má nefna átaksverkefnið “Ár nýsköpunar” hjá Samtökum iðnaðarins sem lofar góðu. Nokkur umræða hefur verið í fjölmiðlum undanfarið um umfang skapandi greina í

hagkerfi Íslands en samkvæmt Hagstofunni velti fatahönnun og tengdar greinar 10.5 milljörðum árið 2010. Það er von okkar að Reykjavík Fashion Festival festi sig í sessi fyrir fatahönnun sem álfka viðburður og Airwaves er fyrir íslenska tónlist enda liggur sérstaða og aðdráttarafl Íslands einna helst í skapandi greinum, auk náttúrunnar.

Í ár koma um 60 blaðamenn frá erlendum fjölmiðlum til þess að fylgjast með hátíðinni og upplifa Ísland. Umfjöllun um íslenska fatahönnun víða um heim í framhaldinu mun hafa margföldunaráhrif sem þátttakendur hátíðarinnar munu njóta góðs af sem og ímynd Íslands.

Með hátíðinni vill Reykjavík Fashion Festival styrkja það frumkvæði og metnað sem nú þegar er til staðar hjá íslenskum fatahönnuðum og greiða leið þeirra að útflutningi og markaðssókn erlendis.

Reykjavík Fashion Festival yrði ekki að veruleika nema með dyggum stuðningi fyrirtækja hér á landi sem hafa trú á hátíðinni. Stjórn RFF er gríðarlega þakklát þeim fyrirtækjum og opinberu aðilum sem styrkja hátíðina í ár. Við óskum áhorfendum hátíðarinnar góðrar skemmtunar og vonum að fólk verði margs vísari um þann spennandi heim sem fatahönnun á Íslandi er orðinn.



## Pop Up markaður

HELGINA 2. TIL 3. APRÍL STENDUR RFF FYRIR POP UP-MARKAÐI Á LAUGAVEGI 91. ÞAR VERÐUR HÆGT AÐ SKOÐA OG KAUPA FÖT FRÁ FLEIRI EN ÞRÍJÁTÍU ÍSLENSKUM FATAHÖNNUÐUM UNDIR EINA OG SAMA ÞAKINU.

Eftir að hafa upplifað stemninguna á Reykjavík Fashion Festival frá 31. mars til 2. apríl, séð allar sýningarnar og öll fallegu fötin er komið að því að reka smiðshöggjö á herlegheitin. Fyrir suma er þetta ef til vill mikilvægasti hluti hátíðarinnar, þar sem hægt er að koma höndum yfir eitthvað af þeim flíkum sem til sýnis hafa verið á RFF.

Helgina 2. til 3. apríl verður haldinn risa Pop Up-markaður á vegum RFF. Þar gefst gestum og gangandi það einstaka tækifæri að skoðað hönnun fleiri en þrjátíu leiðandi íslenskra hönnuða á einum stað. Um er að ræða ýmist glænýjar vörur beint úr saumavélinni sem sumar hverjar sjást í fyrsta skipti á RFF, eða sýnishorn og vörur úr eldri hönnunarlinum.

Hægt verður að skoða tískusýningar hátíðarinnar á markaðnum og spjalla við hönnuðina um þeirra eigin hönnun og hátíðina í heild. Sérfræðingar frá Maybelline, Label M og Orobli verða einnig á staðnum og gefa góð ráð varðandi fördun og stíl.

Fyrir þá sem eru að fiska eftir bestu kjörnum verður sérstakur Reykjavík Fashion Festival afsláttur á völdum vörum, allt að 70 prósent.

Pop Up-verslunin verður á Laugavegi 91, þar sem áður var Gallerí sautján. Hvergi verður betra að sjá hvað er að gerast í íslenskrri fatahönnun og hvert hún stefnir. Markaðurinn er eingöngu opinn þessa einu helgi og því um að gera að grípa tækifærið og gera góð kaup.



Við eigum efnið fyrir þínar hugmyndir. Full búið af nýjum efnum, sniðum og sniðablöðum.



Dalvegí 18, Kóp. - Sími 568 6500 - [www.fondra.is](http://www.fondra.is)  
Opíð 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

Tímarit Reykjavík Fashion Festival

[www.rff.is](http://www.rff.is)



Netblaðið kemur út 31. mars.





**1) IZZY**  
Cinnamon Tank  
Fairy Jeans

**2) ANDREA**  
Cave Shirt  
Wild One Jeans

**3) GABBY**  
Acerila Jacket  
Jasponyx Tee  
Wild One Jeans

# Hönnuðir Reykjavík Fashion Festival

Rjóminn af íslenskri fatahönnun verður til sýnis á Reykjavík Fashion Festival. Fjöldmargir innlendir hönnuðir, margir hverjir vel þekktir langt út fyrir landsteinana, taka þátt. Hönnuðirnir spanna gríðar fjölbreytilegt svið.

## ANDERSEN & LAUTH



Andersen & Lauth er þekkt fyrir einstakar handgerðar flíkur. Á RFF sýnir merkið vetrarlínu sína, „Atelier“, sem innblásin er af kvéntísku þriðja áratugar síðustu aldar og er spennandi, kvenleg og tímalaus.

## ÁRÓRA



Orðstír Áróru Eirar Traustadóttur byggist ekki einungis á hönnun hennar á krögum og axlaskrauti, heldur einnig frábæru handbragði og natni við smáatriði. Á RFF í ár mun hún sýna stöðugt stækkandi hönnunarlinu sína.

## BIRNA



Frá 2002 hefur hönnun Birnu Karenar Einarsdóttur fengist í verslunum víðar um heim. Heimahöfn hennar er Kaupmannahöfn, en flíkur hennar hafa meðal annars verið til sölu í verslun hins virta Louisiana nýlistasafns í Kaupmannahöfn.

## DÍSDÍS



Með hina metnaðarfullu og frjálslýndu nútímakonu í huga hannar DísDís fót sem þekkt eru fyrir efnisgæði og fagurfræðilegt jafnvægi. Síðastliðin fimm ár hefur hún búið og starfað í Suður-Indlandi þar sem öll hennar fót eru framleidd.

## E-LABEL



Samstarf nokkurra ungra íslenskra hönnuða undir nafninu E-label fór af stað með látum árið 2007 er fyrsta línun þeirra seldist upp á aðeins átta vikum. Fatahönnun þeirra er hagkvæm, þægileg, á viðráðanlegu verði og auðvelt að breyta frá dag- yfir í kvöldklæðnað.

## EYGLÓ



Eygló reynir stöðugt að finna upp hjólið þegar kemur að efnissniði. Það gerir það að verkum að hönnun hennar er sveipuð ákveðnum framtíðarblæ. Húmorinn er aldrei langt undan og oftast má finna hann í einu eða öðru formi í hönnunarlinum Eyglóar.

## FORYNJA



Óskilgreinanlegur og heillandi veikleiki í hreinu og fallegu formi. Innra með er skuggi sjálfsins, drifinn áfram af idealisma og fegurð. Fókus Forynju á RFF er áður tómt herbergi, nú kreatívt menningarfangelsi, lokað frá umheiminum.

## HANNA FELTING



Flíkur Hönnu er úr innlendum, náttúrulegum efnum, sem unnin eru á einstakan hátt af henni sjálfri. Afraksturinn er flíkur sem eiga sér engan líka í gæðum og sérstöðu.

## HILDUR YEOMAN



Gáskafullir fylgihlutir gera Hildi að einum ævintýragjarnasta tískuhönnuði landsins. Að eigin sögn vill hún búa til heilan fantasíuheim með hönnun sinni, heim sem er fallegur, tælandi og fylltur töfrum. Þjóðlegar handverkshefðir leika einnig stórt hlutverk í hönnunarferlinu.

## KALDA



Systurnar Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur stofnuðu Kalda árið 2010. Katrín er menntaður fatahönnuður, en Rebekka nam heimspeki og skapandi skrif. Saman hræst þær í eigin andstæðum og hanna út frá neðanmarka sjálfskoðun.

## KRON BY KRONKRON



Kron er án efa best þekktu skóhönnuðir Íslands, en að baki merkinu standa Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson. Eftir mörg ár í bransanum hönnuðu þau sína eigin skólínu árið 2008 og sóttu innblástur í gleðina sem felst í sköpun og litadýrð.

## MUNDI



Fá listform eru Munda óviðkomandi. Hann hefur til dæmis lagt stund á grafík, innsetningar, gjörninga, myndlist og höggmyndalist. Hann kemur til með að sýna nýjustu hönnunarlinu sína á RFF, AW11, en hún er sú áttunda í röðinni frá honum.

## NIKITA



Vörur frá Nikita fast í rúmlega 1.400 búðum í um þrjátíu löndum. Á hvert sendir Nikita frá sér tvær nýjar hönnunarlinur. Önnur inniheldur snjóbrettaklæðnað en hin götuklæðnað. Sú síðarnefnda kemur út undir nafninu Nikita Selektion.

## RAIN DEAR



Rain Dear sérhæfir sig í regnkápum og fylgihlutum fyrir konur. Hugmyndafræðin gengur út á að allar konur geti fundið kápu við sitt hæfi burt séð frá líkamsbyggingu og lífsviðhorfum. Efnisval í kápurnar er einstakt en hönnuðirnir sjá um þróun og hönnun þess frá A til Ö.

## REY



Einkunnarorðin eru einföld: Tímalaus gæði. Hver flík er gerð til að nýtast og ber að fagna. Innblástur litavals kemur úr náttúrunni og er áherslan lögð á flæði.

## ROYAL EXTREME



Mottó Royal Extreme er „more is more, less is bore“. Hver kona á skilið að baða sig í fallegum hlutum sem endurspeglja persónuleika hennar og tignarleika. Útkoman er gáskafull hönnun þar sem bæði má finna klassísk og móðernísk áhrif.

## SHADOW CREATURES



Á Íslandi eru vetur kaldir, langir og dimmir. Skuggarnir eru fjöldmargir og þjóðsögurnar sem af þeim spretta enn fleiri. Þessi vetrarheimur er innblástur fatahönnunar systranna Sólveigar Rögnu og Gunnhildar Eddu Guðmundsdætra.

## SONJA BENT



Innblásin af polkadoppum, slaufum og origami, hannar Sonja Bent fót sem má út skilin milli hins kvenlega og hins karlmánlega. Þar má nefna sérniðnar skyrtur með bótum og bindum/slaufum í stíl.

## SPAKSMANNSPJARIR



Spaksmannspjarir er eitt elsta og þekktasta hönnunarkerki Íslands, stofnsett af þeim Björgu Ingadóttur og Völu Torfadóttur. Í hönnun þeirra er lögð áhersla á einstakar klassískar flíkur

## SRULI RECHT




Hjá Sruli Recht og fellur hönnunin einhvers staðar mitt á milli vörubönnunar, klæðskurðar og skósmíða. Útkoman hefur meðal annars verið regnhlífar, skotheldir vasaklútar, borð, belti og skór.

## VERA



Vera Þórðardóttir vakið mikla athygli fyrir hönnun sína. Lady Gaga hefur meðal annars komið fram í flík frá Veru, auk þess sem hún var sérstaklega verðlaunuð fyrir línu sína í Fashion Awareness Direct-keppninni á síðasta ári.

## ÝR



Árið 2010 stofnuðu þær Ýr og Erna María Þrastardætur hönnunarkerkið Ýr. Þær vinna með flókin munstur og mörg mismunandi efni í sömu flík, með það að sjónarmiði að búa til flíkur fyrir nútímakonur.

# MAGNETIC



## Magnetic Naglaskólinn

Frábært nám  
Frábær kennsla  
Frábærar vörur



Skólinn kostar 329,900 kr.

Innifalið eru námsgögn og glæsilegur vörupakki  
Raðgreiðslur visa/euro

Verið velkomin í heimsókn til okkar að skoða glæsilega aðstöðu naglaskólans.

Erum á facebook!

Tekið er við umsóknum í skólann í síma 510-8080 eða á skoli@beautyworld.is

Beautyworld Höfðabakki 9, 110 Reykjavík  
Sími 510-8080 www.beautyworld.is

# ZAHIRA EHF

Heildverslunin Zahira ehf er komin með umboðið fyrir hinar frábæru TEMPTU airbrush vörur. Þjóðum allt fagfólk velkomið til okkar



Zahira ehf. • Höfðabakka 9 • Sími 588-2323 • www.zahira.is • erum á facebook.

# SAFFERAN EYKUR HAMINGJU

ÞAÐ ER VÍSINDALEGA SANNAÐ



enda sérðu hvað þetta fólk eru glatt!

VELDU HOLLAN FERSKAN MAT ÚR GAÐA HRÆFNI



Piri Piri kjúklingur



Kjúklingaborgari



Hamingjuhumarbaka

# SAFFERAN

GLÆSTIÐ / DALVEGI 4 KÓP

SAFFERAN.IS

## Hönnun er mikilvæg útflutningsvara

„Mikilvægi tískuiðnaðarins fyrir Ísland er mikið en gæti orðið gríðarlegt. Við þurfum ekki annað en að horfa til nágrannalanda okkar eins og Danmerkur til þess að sannfærast um það,“ segir Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri RFF blaðsins. „Dönsk hönnun hefur á aðeins 15 árum orðið að iðnaði sem er orðinn sá þriðji stærsti í útflutningi þar í landi og veltir tugum milljarða á hverju ári. Hvers vegna ættum við Íslendingar ekki að geta þetta líka? Við eigum mikið af hæfileikafólki á þessu sviði.“ Jóhanna bendir einmitt á hversu mikilvægt Reykjavík Fashion Festival er, bæði sem vettvangur fyrir íslenska hönnuði til þess að koma saman og vinna að einhverju stærra, kynna sig hér á landi en ekki síður erlendis. „Þetta er í annað sinn sem við höldum RFF og það hefur nú þegar vakið töluverða athygli erlendis. Í ár hafa fjölmargir

erlendir blaðamenn og kaupendur frá virtum verslunum boðað komu sína. Við höfum nú þegar séð dæmi um hversu góður stökkpallur RFF getur verið fyrir unga hönnuði. Í fyrra kynnti Unnur Hlín Kristjánsdóttir hönnun sína undir merkinu Royal Extreme og í framhaldinu fékk hún byr undir báða vængi og var meðal annars boðið að sýna á tiskuvíkunni í New York. Við sem stöndum að RFF lítum ekki síður á viðburðinn sem mikilvægan vettvang fyrir þá sem eru að læra fatahönnun. RFF er samfélag fagfólks sem ungir hönnuðir geta orðið hluti af en gerir einnig kröfur til þeirra og veitir þeim aðhald svo þeir kynnist öllum hliðum þess að vera hönnuður, ekki síst markaðssetningunni og skipulagningunni í kringum hana,“ segir Jóhanna sem mun njóta tískunnar á næstunni.

## RFF með augum áhorfenda

—  
[www.liveproject.is](http://www.liveproject.is)



Live project nefnist vídeó- og myndablogg síða þar sem gestir og þátttakendur í Reykjavík Fashion Festival geta sett inn myndir og myndbönd frá hátíðinni og deilt þannig sinni eigin upplifun af RFF. Myndböndin og myndirnar þurfa alls ekki að vera unnar, þvert á móti, skemmtilegast er að fá þær bara beint inn á síðuna til að gefa sem besta mynd af því sem gestirnir sjá og upplifa.

Með þessu móti geta þeir sem fylgjast með síðunni, hvar svo sem þeir kunna að vera

staddir í heiminum, fengið mynd af því sem fram fer frá hátíðinni, beint frá sjónarhóli áhorfandans, og fundið stemninguna á rauntíma, hvort sem er í gegnum tölvuna eða símann.

Síðan er opin öllum og er slóðin [www.liveproject.is](http://www.liveproject.is). Myndir og myndbönd fyrir síðuna skal senda á [live@liveproject.is](mailto:live@liveproject.is) eða hlaða upp gegnum [m.liveproject.is](http://m.liveproject.is)

Tímarit  
Reykjavík  
Fashion  
Festival

[www.rff.is](http://www.rff.is)



Netblaðið kemur út 31. mars. Allt sem þú vilt vita um Reykjavík Fashion Festival, hönnuðirnir, greinar, myndabáttur, viðtöl og margt, margt fleira...



## Efnin úr Vogue eru á RFF!

Full búð af nýjum efnum:

- Jersey: margar gerðir og litir
- Netefni með teygju
- Spandexefni
- Ullarefni
- Satin
- Velúr með teygju
- ...og margt, margt fleira

**Ath:** S. Ármann Magnússon heildverslun hefur sameinast Vogue og fást flest þau efni sem þar voru til nú í Vogue bæði í smásölu og heildsölu.

  
Vogue

Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 533 3500 • [www.vogue.is](http://www.vogue.is)

Vogue á Akureyri • Hofsbót 4 • 600 Akureyri  
Sími 4623504 • Fax 4612932

Opnunartímar:

Mánudaga - föstudaga: 10-18 Laugardaga: 11-14

# GUERLAIN

## SÓLIN EÐA TERRACOTTA?

Það tekur aðeins nokkrar sekúndur að njóta sumars allt árið....  
 Hvort sem þú ert viðkvæm/björtljós eða dökk á hörund, mun terracotta ýta undir og kalla fram þinn náttúrulega húðlit. Litatónarnir koma í nýrri óskju sem færir sumarljómann inn í líf hvernar konu og hún verður samstundis geislandi!!!!



## TERRACOTTA

THE BRONZING POWDER

### Nýtt í Terracotta:

- Terracotta Serum, nokkrir dropar og þú viðheldur fallegum lit allt árið.
- Terracotta kastaníuvatn, fallega gylltur litur fyrir allan líkamann við öll tækifæri.
- Second skin effect. Hraustlegt útlit, léttur farði sem dregur fram ljóma húðarinnar.

VOR 2011

## GOSH<sup>®</sup>

COSMETICS


### Rómantískt Vor 2011

Silky Rose 004, krem kinnalitur.

Falleg augnskugga-palletta, sumarlegir og rómantískir litir. Nude Passion 001.



Miss Sweety



Vertu „trendy“ og taktu vel á móti vorinu eins og GOSH gerir. Það er algjör rómantík í loftinu hjá GOSH vorið 2011, mjúkir litir, þínu saklausir en töff. Vertu með, prófaður GOSH.... OH MY GOSH.

Miss Mole



Maskari sem lengir og þykkir.



Fluffy Peach 003, krem kinnalitur.



Highlighter.



146 Cappucino Velvet



122 Nougat Velvet




Dagskrá  
**Reykjavík**  
**Fashion**  
**1. – 2. tival**  
 apríl  
 2011



Netblaðið kemur út 31. mars. Allt sem þú vilt vita um Reykjavík Fashion Festival, hönnuðirnir, greinar, myndabáttur, viðtöl og margt, margt fleira...

[www.rff.is](http://www.rff.is)



**FÖSTUDAGUR**

**1. APRÍL**

**20:45**

Listasafn Íslands  
 Hafnarhúsið

**LAUGARDAGUR**

**2. APRÍL**

**20:45**

Listasafn Íslands  
 Hafnarhúsið

**TÍSKA**

Vera  
 Rain Dear  
 EYGLO  
 E-Label  
 Sonja Bent

*HLÉ 45MIN*

Royal Extreme  
 Nikita  
 Sruli Recht  
 Forynja  
 Spakmannsspjarir

Andersen & Lauth  
 REY  
 Shadow Creatures  
 DísDís  
 BIRNA  
 Hildur Yeoman

*HLÉ 45MIN*

Kron by KRONKRON  
 Kalda  
 Áróra  
 HANNA felting  
 YR  
 MUNDI

**TÓNLIST**

Captain Fufanu  
 Arrogance DJ's  
 Margeir + Urður  
 Már & Nielsen

**22:00**

Austur

Kiriyama Family  
 DJ Fingaz/Young De

**22:00**

Austur

Sin Fang  
 1985!  
 Danni Deluxe  
 Ghostface Killah

**00:00**

NASA

